

VERÐTILFÆRSLUSJÓÐUR SAM 2006

Rekstur og starfsemi verðtilfærslu milli mjólkurvara er tvískipt. Annars vegar er lögbundin verðtilfærsla samkvæmt lögum nr. 99/1993 og hins vegar verðtilfærsla SAM. Lögbundin verðtilfærsla er í forsjá Bændasamtakanna og er gerður sérstakur ársreikningur vegna hennar. Framkvæmd og fjárreiður lögbundins verðtilfærslusjóðs er í höndum SAM samkvæmt verkaskiptasamningi sem gerður var milli BÍ og SAM, en sú ráðstöfun byggir á heimildum laga. Verðtilfærsla SAM er hins vegar í forsjá SAM og því með í ársreikningi SAM og er fjallað nánar um hana hér.

Í verðtilfærslusjóð SAM eru innheimt vörutengd gjöld af sýrðum vörum (jógúrt og skyldum vörum), rjóma, sérostum og nýmjólkurdufti. Greitt var úr sjóðnum vegna sölu á nýmjólk, skólaléttmjólk, iðnaðarrjóma, skyri, smjörva, léttviðbiti og mögrum ostum (Gouda 17%, Mozzarella og Gouda 11%), iðnaðarmjólkurdufti, undanrennufti og kálfafóðri.

Eftirfarandi er yfirlit yfir inn- og útgreiðslur úr verðtilfærslusjóði SAM á árinu 2006 samanborið við 2005:

	2006	%	2005	%
Inngreiðslur:				
Yfirfært frá fyrra ári	68.948.451	17,83%	37.642.887	11,07%
Verðtilfærsla af útflutningsfé	0	0,00%	23.637.500	6,95%
Innheimt verðtilfærsla	317.845.073	82,17%	278.612.986	81,97%
Samtals til ráðstöfunar	386.793.524	100,00%	339.893.373	100,00%
Útgreiðslur:				
Greidd verðtilfærsla til afurðastöðva	153.850.224	49,43%	124.592.358	45,98%
Niðurgreiðsla iðnaðardufts	122.198.304	39,26%	116.710.358	43,08%
Niðurgreiðsla iðnaðarrjóma	30.419.361	9,77%	24.007.747	8,86%
Annað	4.786.198	1,54%	5.634.459	2,08%
Samtals ráðstafað	311.254.087	100,00%	270.944.922	100,00%
Afgangur/(-vöntun) fært til næsta árs	75.408.333		68.948.451	

Velta verðtilfærslusjóðs SAM var nokkuð meiri árið 2006 en árið 2005. Kemur það til af aukinni vörusölu og breytingum á verðskrá verðtilfærslusjóðs sem tóku gildi á miðju ári 2005. Innheimta í verðtilfærslusjóð var um 6,6 milljónum meiri en útgreiðslur. Afgangur í lok árs 2006 nam um 75,4 milljónum króna.